



# NÝMI2GH05

## Kennsluáætlun – haustönn 2019

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### **Kennari áfangans:**

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), [agustaragnars@fsu.is](mailto:agustaragnars@fsu.is) - viðtalstími á mánudögum kl. 13:50-14:45.

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum kynnst nemendur grunninum í grafískri hönnun. Farið verður í mikilvægi skissu- og hugmyndavinnu, leturfræði, vörumerkjahönnun og mörkun sem og helstu forsendur við hönnun á veggspjöldum og umbrotshlutum s.s. bókum og bæklingum.

### **Markmið áfangans:**

#### **Þekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi skissu- og hugmyndavinnu sem undanfara alls
- helstu leturflokkum
- hugmyndafræði vörumerkjahönnunar
- helstu forsendum við uppbyggingu á veggspjöldum, auglýsingum og bæklingum

#### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skissu- og hugmyndavinnu
- Leturnotkun
- Veggspjaldagerð
- hanna einfalt vörumerki
- hanna einfalt umbrotsverk.

#### **Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- koma hugmyndum sínum myndrænt á blað í skissuformi.
- velja letur sem hæfir hverju verkefni (stærð, læsileiki, lögun)
- ræða og rökstyðja hugmyndir sínar
- vinna einfalt grafískt auglýsingar- og kynningarefni.

### Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

### Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur. Mappan mun innihalda allar þeirra skissur og hreinteikningar. Einnig fá nemendur skissubók sem mun gilda 10% af lokaekinn.
- Nemendur skulu skila ljósmynd af hverju verkefni að því loknu inn á INNU.
- Um er að ræða próflausan símats- og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, sjálfstæð vinnubrögð, tilraunir, framfarir og mæting.

### Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr. og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

### Vægi námsþátta í vetrareinkunn

1. Leturfræði, gildir **8%** (22.- 30. ágúst)
2. Mappa, gildir **7%** (2. - 6. sept.)
3. Veggspjald, gildir **25%** (9. sept. - 7. okt.)
4. Vörumerki, gildir **20%** (9. okt. - 1. nóv.)
5. Bókverk, gildir **30%** (4. nóv. - 6. des.)
6. Skissu- og hugmyndavinnubók, gildir **10%** (öll önnin)

*Nánar um þetta aftar í skjalinu.*

### Tölvur og símar

- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.

*Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.*

---

# VERKEFNI ANNNARINNAR - NÁNAR

---

## Verkefni 1: Leturfræði 8% (22. - 30. ágúst)

Nemendur skoða og kynna sér vel hinar ýmsu leturtýpur út frá þeirri kynningu sem fram hefur farið

### Verkefni 1: Leturfræði 8%

Nemendur skoða og kynna sér vel hinar ýmsu leturtýpur út frá þeirri kynningu sem fram hefur farið í áfanganum. Internetið er endalaus uppspretta sýnishorna, fyrirmynda og almennra upplýsinga.

Skilaverkefnið felst í þrennu:

1. Skoða tímarit og dagblöð. Klippið út dæmi um ólíkar týpur og límið inn í skissubækunar. Skrifu skal við hverja úrklippu hvaða leturflokki týpan tilheyrir. Finna skal hið minnsta tvo dæmi um fótalegur, tvö dæmi um steinskrift og tvö dæmi um eitthvað annað. Finnið einnig dæmi um ólíka fontanotkun innan sömu týpu.
2. Teiknið upp þrjú orð: **LAUF**, **STEINN** og **VINDUR**. Hvert orð fer á sér A4 blað. Hugið vel að öllum reglum varðandi það að teikna upp letur sem og að letrið og uppsetning þess hæfi orðinu. Gætið að því að staðsetning á blaði sem og uppsetning öll gefi orðinu aukið vægi, ýti undir merkingu þess. Skissu- og hugmyndavinna er afar mikilvæg í þessu ferli.

Hér hægt að skoða fullt leturum:

<https://www.dafont.com/>

Um typography:

<https://www.bopdesign.com/bop-blog/2013/07/what-is-typography/>

-----

## **Verkefni 2: Mappa 7% (2.-6. sept.)**

Möppur, sem halda utan um vinnu annarinnar, merktar með nafni. Hér skal verkefni 1 haft í huga þ.e. hvernig letur og uppsetning hentar ákveðnu orði í þessu tilfelli nafni viðkomandi nemanda og svo mögulega einnig persónu viðkomandi. Hver nemandi vinnur með sitt nafn út frá helstu kústum leturfræðinnar. Huga þarf að myndbyggingu þ.e. hvar grafíkin mun fara best á möppunni. Gerðar litlar skissur í byrjun. Endanleg hreinteikning á möppu skal svo unnin með pennum og/eða litum.

## **Verkefni 3: Veggspjald 25% (9. sept. - 7. okt.)**

Veggspjald í stærðinni A2. Þemað er *staðalímyndir og fordómar*.

Unnið í samráði við og undir áhrifum frá félagsfræðiáfanganum FÉLA1SA05 sem er skylduáfangi fyrir alla nemendur skólans í upphafi náms.

Hver nemendi vinnur sjálfstætt að sínu veggspjaldi, hugmyndafræðilega og útlitslega, en út frá þemanu.

Hér skiptir öllu að texti, leturval og leturmeðferð komi til skila á áhrifaríkan hátt skilaboðum veggspjaldsins. Önnur grafík skal auka enn frekar áhrifamátt og vinna með leturskilaboðum. Gerðar litlar skissur í byrjun í tengslum við hugmyndavinnuna.

*Áfangalýsing FÉLA1SA05:*

<https://www.fsu.is/is/namid/nam-i-fsu/afangalysingar-samkv-nyrri-namskra/ergo1aa05>

-----

## **Verkefni 4: Vörumerki 20% (9. okt. - 1. nóv.)**

Einfalt vörumerki hannað og hreinteiknað.

Hver nemandi ræður fyrir hvað merkið stendur: vöru, þjónustu eða hvað annað.

Huga þarf að öllum helstu þáttum vörumerkjahönnunnar. Merkið skilist hreinteiknað bæði svart/hvítt og í lit. Hvor tillaga fyrir sig vandlega uppsett á sitthvort A4 blaðið.

Með merkinu skal fylgja stutt greinargerð þar sem er nemandi fer í gegnum sitt vinnuferli og rökstyður endanlega útkomu út frá grafískum sjónarmiðum.

Mikilvægt:

- Hugmyndavinna
- Skissuvinna
- Tákmynd (einfaldleiki, form, litir, merking)
- Letur (leturfræði)
- Rökstuðningur og meðvituð vinnubrögð

-----

*Aukaefni - svona til fróðleiks! Vitund og ímynd 66° norður (BS ritgerð í viðskiptafræði):*

<https://skemman.is/bitstream/1946/27486/4/Vitund%20og%20%C3%ADmynd%2066%C2%B0%20Nor%C3%B0ur.pdf>

-----

### **Verkefni 5: Bókverk 30% (4. nóv. - 6. des.)**

Útibúið svokallað bókverk sem í þessu tilfelli verður einhverskonar blanda af bók og bækling. Nemendur kynna sér einfalt bókband. Gripurinn sem til verður þarf að geta staðið sem sjálfstætt listaverk sama hvert innihaldið er. Hér þarf að huga að öllum þáttum annarinnar s.s. leturmeðferð, innihaldi, formum, myndbyggingu, merkingu, litum o.s.frv.

Með bókverkinu skal fylgja stutt greinargerð þar sem er nemandi fer í gegnum sitt vinnuferli og rökstyður endanlega útkomu út frá listrænum og grafískum sjónarmiðum.

Að þessu þarf að huga sérstaklega:

- Hvernig mun bókverkið brjótast um?
- Hvert er innihaldið?
- Hvaða efniviður hentar innihaldinu?
- Uppsetning og útlit.
- Letur og myndir.